

Óbó

Þegar borinn er saman fjöldi nemenda í óbóleik og nemendafjöldi á flest önnur blásturshljóðfæri kemur óneitanlega í ljós að óbóin hefur verið eftirbátur. Margar skýringar eru á þessu, svo sem fæð góðra hljóðfæra, hátt verð á byrjendahljóðfærum og ef til vill ónóg kynning á þessu söngæra hljóðfæri. Algengast er að nám í óbóleik hefjist þegar nemendur eru 9 til 12 ára, þó að allmörg dæmi séu þess að nemendur hafi byrjað fyrr. Telji kennari að nemandi hafi ekki næga líkamsburði til að leika á óbó má brúa bilið með öðru hljóðfæri um stundarsakir.



Nám á óbó er lítt frábrugðið námi á önnur hljóðfæri. Þó hlýtur að verða að geta um óbóblaðið, eða tóngjafann, sem með sanni má segja að gegni stóru hlutverki í framgangi námsins. Því er mikilvægt að nemandinn njóti góðrar aðstoðar og leiðsagnar í meðferð óbóblaðsins. Á efri stigum námsins er mikilvægt að nemandinn fái þjálfun í blaðasmíði ef þess er nokkur kostur.

Systurhljóðfæri óbósins eru englahornið (Cor Anglais) og óbó d'amore. Bæði þessi hljóðfæri lifa sjálfstæðu lífi í tónbókmenntunum og er því mikilvægt að nemendur kynnist þeim af eigin raun ef mögulegt er.

(Aðalnámskrá tónlistarskóla)

* Ath. Ekki er kennt á óbó í Tónlistarskóla Árnesinga, en ef nemendur óska eftir að læra á hljóðfærið er brugðist við því. Nemendur þyrftu að sækja tíma til Reykjavíkur.

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).